

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi

Staður: Kaffi Amokka við Borgartún

Dagsetning: 15.09.2019 kl 16:30

Mættir: Bárður Sigurgeirsson , Birgir Benediktsson , Björn Magnússon, Guðjón Jensson og Skúli Már Sigurðsson

-
1. **Vatnsveita:** Skúli Már Sigurðsson (SMS) rakti málefni vatnsnefndar, en í nefndinni sitja auk hans Andri Árnason (AÁ) og Bárður Sigurgeirsson (BS).

Nefndin hefur haft einn fund með fulltrúum vatnsveitu Vatnsendasvæðisins. Á þeim fundi sátu auk ofangreindra Haukur Engilbertsson bóndi á Vatnsenda sem á 20% í veitunni, Karl Sigurðsson og Kjartan Á þeim fundi kom fram vilji fulltrúa vatnsveitu Vatnsendasvæðis (VV) að selja vatn á Hvammssvæðið og að miða þá við þau sumarhús sem eru á núverandi deiliskipulagi.

Nefndin hefur hist einu sinni eftir þetta og í framhaldi af því var sent bréf til fulltrúa VV þar sem farið var fram á skriflega viljayfirlýsingu um áhuga á vatnssölu, beðið um upplýsingar um afkastagetu VV og verðhugmyndir.

Skúli hefur síðan fundað með Verkís verkfræðiskrifstofu í Borgarnesi ásamt Sigurði Péturssyni gröfumanni sem lagði (og hannaði að hluta?) núverandi vatnsveitu. Þar kom fram að til að hægt sé að átt sig á kostnaði við verkið þarf eftirfarandi að liggja fyrir:

- Nákvæmir hæðarpunktar núverandi safntanks í Hvammi og Vatnsenda. Talið er að mælingarkostnaður sé um 100.000
- Upplýsingar um rennsli í safntank VV
- Heppilegasta leiðin til að tengja vatnsveiturnar tvær er að leggja lögna úr safntanki VV í safntank á Hvammssvæði.
- Áætlaður hönnunarkostnaður er 300.000. Þegar hönnun er lokið er hægt að áætla heildarkostnað við verkið.

Samþykkt einróma að ráðast í þessar framkvæmdir

Í máli BS kom fram að vandmál við nú verandi vatnsveitu eru fjölpætt. Í fyrsta lagi annar vatnsveitan tæplega þeim sumarhúsum sem þegar hafa verið reist og hafa miðlinartankar tæmst á hverju sumri. Glögglega má sjá rennslið sem lindin gefur frá sér á mynd hér að neðan. Myndina tók BS síðla sumars eftir þurrkasumar, en þó hafði ring stöðugt undanfarna viku.



Eins og sjá má á myndinni er framleiðsla lindarinnar ekki burðug

Einnig er um yfirborðsvatn að ræða og hætta er því nokkur á mengun af völdum fugla og dýra

2. **Aðalfundur.** Ákveðið að halda aðalfund 1.10.2009. Stefnt að því að halda fundinn á Hótel Ísland.
3. Birgir kynnti reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða
4. Uppstilling að næstu stjórn. Bergþór Þormóðsson hefur óskað eftir að ganag úr stjórninni. Birgir Benediktsson hefur samþykkt að gefa kost á sér sem formaður. Stjórnarmennirnir Bárður Sigurgeirsson og Skúli Már Sigurðsson gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Sama gildir um varamennina Guðjón Jensson og Björn Magnússon. Ekki er vitað um hug Helgu Óskarsdóttur. BS mun leita til Andra Árnasonar og fara fram á að hann gefi kost á sér til stjórnarsetu.
5. Farið yfir póstlista félagsmanna

6. Heimsíðan. www.hvammshlid.is. Síðan er komin í loftið. Uppbygging hennar heldur áfram. Óskað eftir efni frá sem flestum.

Fleira var ekki gert

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bárður', with a small red dot to the left of the first letter.

Bárður Sigurgeirsson